

8. janúar 2020

Ályktun stjórnar lækna ráðs um bráðamóttöku Landspítala og öryggi sjúklinga

Stjórn lækna ráðs Landspítala ítrekar fyrri ályktanir sínar um erfiðar aðstæður á bráðamóttöku Landspítalans hvað varðar álag, plássleysi, mönnun og sýkingavarnir og þar með öryggi. Nýlegar fréttir af atvikum á bráðamóttöku sýna því miður fram á hve viðkvæmt ástandið getur verið. Það hlýtur að vera forgangsmál að tryggja öryggi bráðveikra sjúklinga, meðhöndlun sjúklings í sjúkrabíl vegna plássleysis á bráðamóttöku er dæmi um óásættanlega stöðu. Heilbrigðiskerfi er einn af hornsteinum nútímasamfélags en fjármögnun til heilbrigðismála á Íslandi er enn undir meðaltali Norðurlanda. Stjórn lækna ráðs skorar á heilbrigðisyfirvöld að auka fjárveitingar til Landspítalans þegar í stað. Stjórn lækna ráðs skorar einnig á framkvæmdastjórn Landspítalans að grípa strax til þeirra aðgerða sem mögulegar eru miðað við núverandi fjárveitingar.

Endurreisn heilbrigðiskerfisins þolir enga bið!